

12. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að yfirtaka allar skuldir Herjólfss hf. vegna kaupa á ferjunni Herjólf.

13. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga í þeim tilgangi að stækka slíka flokka og gera þá markaðshæfari. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.

14. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka að láni allt að 70 m.kr. á árinu 1995 og endurlána til Spalar hf.

IV. KAFLI

Gildistökuákvæði.

15. gr.

Lántökuheimildir og heimildir til ríkisábyrgða, sem tilgreindar eru í I.–III. kafla laga þessara, gilda á árinu 1996 en lántökuheimild skv. 11. gr. gildir einnig á árinu 1995. Heimildir verða þó nýttar til 1. apríl 1997 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra kemur til. Lántökuheimild skv. 14. gr. gildir á árinu 1995.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

**um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna,
nr. 43/1987, sbr. lög nr. 16/1994.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Yfirlýsingu um að skipverji hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða með öðrum hætti. Skipstjórnarmenn og aðrir skipverjar skulu hafa fullnægt ákvæði þessu fyrir 31. desember 1996. Veita má skipverja sem skráður er í fyrsta sinn sex mánaða frest til að fullnægja þessu ákvæði.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.